



**Ræða forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
Á Seltjarnarnesi
15. apríl 1998**

Virðulega bæjarstjórn
Ágætu Seltírníngar,
vinir og nágrannar um langa tíð

Það er í senn undarleg og ánægjuleg tilfinning fyrir okkur Guðrúnu Katrínu að koma til ykkar í opinbera heimsókn. Hér var í nærri aldarfjórðung vettvangur lífs okkar og hamingju. Hér gengu dætur okkar fyrstu sporin og fetuðu sig áfram frá einum skólaáfanganum í annan. Hér fórum við með þær í fyrstu sleðaferðina í Plútó-brekkunni fyrir neðan gamla Mýrarhúsaskólann. Hér gengum við vorkvöld og vetrarmorgna út að Gróttu, nutum fuglalífsins, fjörunnar og fegurðar fjallanna.

Við metum mikils hlýhug ykkar og vináttu sem birtist í boði bæjarstjórnarinnar um að koma hingað í formlega heimsókn. Áformað var að hún yrði á síðastliðnu hausti en veikindi Guðrúnar Katrínar breyttu þeim áformum eins og fleiru. Og satt að segja var óvíst að við gætum saman átt með ykkur þennan dag. Það gefur okkur því djúpa og einstaka gleði að örlögin hafa veitt okkur þá gæfu að haldast saman í þessa heimsókn í okkar gömlu heimabyggð – og Guðrún Katrín jafn hress og endurnærð eins og sjá má, sjálfri sér lík, þökk sé góðri hvíld í Mexíkó, kunnáttu íslenskra lækna og hjúkrunarfólks og stuðningi og bænum sem gáfu okkur mikinn styrk.

Við fundum vel á þessum erfiðu mánuðum hve góða vini við áttum hér á Seltjarnarnesi og við viljum, fjölskyldan öll, þakka ykkur fyrir þá samstöðu og kærleika. Það er okkur mikils virði, felur í sér fjölpættan boðskap, að fyrsta opinbera heimsókn okkar að loknum þessum tímamótum skuli vera til ykkar, á heimaslóðir sem eru okkur kærar.

Þær voru skemmtilegar móttökurnar á Eiðistorgi í morgun, lúðrasveitin orðin að kraftmiklu, samhæfðu hljóðfæri, vitnisburður um hið góða tónlistaruppeldi hér hefur löngum verið (bæta við tilvísun í fleiri atriði)

Þaðan fórum við í leikskólana og svo Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla og nutum frásagna ungu krakkana og nemenda, fræðslu kennara og starfsfólks um þjálfun í leik og kennslu sem færir nýjar kynslóðir Seltirninga frá leikgleði æskunnar til þroska manndómsáranna.

Ég hef löngum talið að skýring á farsælu mannlífi á Seltjarnarnesi, ástæðan fyrir því að tekist hefur að skapa sérstakt og sjálfstætt sveitarfélag í túnfæti höfuðborgarinnar, felist í þeim þroska, samveru og vináttuböndum sem samfelld skólavera færir hverri kynslóð hér á Nesinu, allt frá því að þau kynnast 3ja, 4ra eða 5 ára í leikskólanum og halda svo saman í gegnum Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla röskan áratug til viðbótar. Það eru skólarnir sem skapa samkennd byggðarinnar hjá hverri nýrri kynslóð, og svo hjálpa íþróttirnar, náttúruperlurnar og nálægð hverfanna einnig í sköpunarverki mannlífsins á Seltjarnarnesi. Svo sterk eru böndin sem skólarnir hér binda að stelpukrílin sem léku sér með Döllu og Tinnu í leikskólanum Fögrubrekku eru orðnar ævivinir fjölskyldunnar. Það er þetta sameiginlega uppeldi, þar sem allur árgangurinn er saman í skóla á annan tug ára sem meðal annars gerir bæjarfélagið að heild og varðveitir samkennd íbúanna þótt gatnakerfið geri ókunnugum óskiljanlegt hvar Reykjavík endar og Seltjarnarnes tekur við.

Sumir segja að það sé fyrst og fremst brennan á gamlaárskvöld sem viðhaldi sjálfsvitund Seltirninga. Eitt er víst að aðdráttarafl hennar er svo sterkt að fyrstu áramót okkar á Bessastöðum þá stóðumst við ekki mátið þegar við sáum logana á Valhúsahæðinni í fjarska. Vorum allt í einu komin öll í bílinn og keyrðum gegnum Garðabæ, Kópavog og Reykjavík til að geta sótt heim „brennuna okkar“ sem þó var lengst í burtu. Það þætti sjálfsagt skrítið víðast hvar í útlöndum að þjóðhöfðingjafjölskyldan væri ein á slíkum hraðakstri síðla á gamlaárskvöld en svona mikið er nú aðdráttarafl hefðanna á Seltjarnarnesi.

Hlekkirnir mörgu í hinni sterku mannlífiskeðju bæjarfélagsins eru ekki aðeins skólarnir og brennan, heldur líka íþróttirnar og keppnisgleðin í Gróttu, morgunfundirnir í heitu pottum sundlaugarinnar, skokkhópurinn, verslanirnar á Eiðistorgi og í gömlu vinnsluhúsunum sem gera innkaupin á föstudagssíðdegi og laugardegi að samfelldum fundarhöldum eins og á þorpstorgi á Ítalíu eða Indlandi – allt þetta skapar samfélag sem fóstað

hefur okkur öll sem hér erum í kvöld ærið vel, veitt okkur rætur sem verða því dýrmætari sem víðar er farið.

Á síðari árum hefur mikið verið rætt um skipulag sveitarfélaga, sameiningu, fækkun, skilvirkari stjórnsýslu og annað sem fellur að kröfum tímans um hagkvæmni og sparnað. Ég ætla ekki hér í kvöld að blanda mér í þá umræðu en bendi þó á að þróun Seltjarnarness er þörf áminning um að sveitarfélag er annað og meira en formleg stjórnsýslumörk. Það er fyrst og fremst heimkynni mannlífs sem veitir þroska, ánægju, gleði og rætur.

Í raun er það andstætt öllum lögmálum hagrænnar stjórnsýslu að svo blómlegt og fjölskrúðugt sveitarfélag skuli hafa þrífist svo glæsilega sem raun ber vitni í meiri nálægð við miðbæ höfuðborgarinnar en úthverfi hennar flest.

Saga Seltjarnarness og mannlífið hér í kringum Valhúsahæðina er því fróðlegt lærdómsefni fyrir alla þá sem fást við spurningar um hvað varðar mestu um farsæla umgjörð fyrir lífsgleði og hamingjuleit fjölskyldna og einstaklinga.

Við Guðrún Katrín höfum notið dagsins og kvöldsins með ykkur og þökkum fyrir það tækifæri sem heimsóknin hefur veitt okkur til að efla og endurnýja gömul tengsl, kynnast mörgu nýju sem setur svip á stofnanir og félagssamtök í bæjarfélaginu.

Þótt þjóðin hafi falið okkur að sitja Bessastaði um hríð og í því umboði felst mikil ábyrgð, þá veitir það okkur í senn öryggi og ánægju að vita að hér á Seltjarnarnesi bíða okkar heimkynni sem eru okkur kær, að fögur kvöldsólin mun halda áfram að ylja vorið út við Gróttu, að krían verður áfram í öflugu varðflugi um sínar varplendur, að tignarfjöllin í fjarska, Akrafjall og Esjan, Snæfellsjökull og Keilir, mynda umgjörð um nes sem í hugum okkar allra er hvorki lítið né lágt, heldur kærar heimaslóðir sem fylgja okkur hvert sem förin ber okkur um veröldina.